

20. fundur íbúaráðs Grafarvogs þann 2. júní 2021: Tillaga fulltrúa Miðflokksins dags. 2. júní 2021 um örugga göngu- og hjólalausn yfir Strandveg að Gufunesbæ:

Íbúaráð Grafarvogs leitast eftir því að Borgarstjórn Reykjavíkurborgar setji á framkvæmdadagskrá, göngubrú eða undirgöng yfir Strandveg að útivistarsvæðinu við Gufunesbæ. Búið er að byggja upp mjög flott og fallett útivistarsvæði við Gufunesbæ og þurfa börn og unglingar hverfisins að fara yfir eina umferðarþyngstu götu hverfisins til að komast þangað. Þar er einnig mikil umferð af þungum og stórum bifreiðum. Mikil og aðkallandi þörf er á öruggri göngu- og hjólalausn að miðju Gufunesbæjarsvæðinu fyrir börn og unglinga hverfisins.